

Reifun á úrskurði nr. 2/2018 - Greiðsla eftirgefins vörugjalds af leigubifreið

J kærði til úrskurðar ákvörðun Tollstjóra um greiðslu eftirgefins vörugjald af leigubifreið. Kærandi mótmælir ákvörðun Tollstjóra og óskar eftir því að fá að greiða upp það sem eftir var af kvaðartímanum.

Niðurstaða: Tollstjóri hafnar beiðni kæranda um að greiða hluta eftirgefins vörugjald af leigubifreið, í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er miðað við heildartíma kvaðar, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 331/2000. Álagning lægra vörugjalds á leigubifreiðar er m.a. háð því skilyrði samkvæmt ákvæðum 3. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar að rétthafi lækkunar vörugjalds hafi í tekjur að lágmarki 70% af reiknuðu endurgjaldi í staðgreiðslu eins og það er ákvarðað af ráðherra árlega, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, næsta heila almanaksár eftir að eftirgjöf var veitt. Með vísan til framlagðra gagna þá gat kærandi ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir tekjulágmarki væru uppfyllt. Var því ákvörðun um höfnun greiðslu hluta eftirgefins vörugjalds af leigubifreið staðfest.